



AGNIÐ

Fréttabréf SVH

Des. 2005

5.tbl.12. árg.



Takið Eintak

Meðal efnis:

Aðalfundur LS

- Erindi sem flutt var á aðalfundi LS

Hlíðarvatn

- Smá pistill frá Hlíðarvatnsnefnd

Formaðurinn

- Formaðurinn lætur gaminn geysa

Vetrarstarfið

- Hvenær ætlum við að byrja...

Uppskriftin

- Ein létt svona í þessum mánuði

Frá aðalfundi LS

- Að ofan - Hans Unnpór flytur erindi fyrir hönd SVH

- Til hægri, formannskipti hjá LS

- Erindi af fundinum er á bls. 6 einnig fjöllum við nánar um hann í næstu tölublöðum



Formaðurinn

Heilir og sælir veiðimenn.

Ég vona að þið hafið allir átt gott veiðisumar, hver með sínum hætti væntanlega en eftir standi einhverjar ljúfar minningar, kannski eitthvað sem þið viljið eiga fyrir ykkur, eða það sem væri skemmtilegra, að deila með okkur hinum á síðum Agnsins, á heimasíðunni eða á opnu húsi yfir kaffibolla.

S.l. sumar var um margt öðruvísi hjá ykkar einlægum, verandi meira fyrir silungsveiðina þá snérust aflabrogðin við að þessu sinni, frekar lítið af silungi en persónulegt met í laxinum (aflatölur ekki gefnar upp, en hóflegt magn).


Skýringin gæti verið sú að ég "fórnaði" einum af betri túrunum þar sem ég fer á silungasvæði Vatnsdalsár og fór með familíuna á sólarströnd, og mér áskotnaðist auka laxveiðitúr ef svo má segja, en ég hef haldið mig við að fara einusinni á haustin í laxinn, farið í Flókadalsá nokkur undanfarin ár og undantekningalaust átt góðar stundir og oftast einhvern afla. Flókuna þekkja margir Hafnfirðingar frá árum áður þegar félagið okkar var með hana á leigu, og sumir veiða þar enn.

En mér áskotnaðist stangardagur í Andakílsá og var þar fagran kaldan

haustdag frá hádegi og fram á kvöld, þetta er skemmtileg á, (fyrir þá sem ekki þekkja til) með flottum veiðistöðum sem flestir eru fluguvænir, veiðisvæðið er ekki mjög langt en stutt á milli veiðistaða, sem eru þó ekki mjög fjölbreyttir því áin rennur um flatlendi. Hvað um það,

silungsveiði mín var dræm í sumar, fór í Hlíðarvatn, Breiðdalsá og Veiðivötnin, allt engu að síður góðir túrar í góðum félagsskap og eftir sitja ljúfar minningar um sögustundir í veiðihúsi, veðurfar (gott og slæmt) góðan mat og margt fleira sem góða túra þrýðir.

Læt hér fylgja litla stöku, en fiskurinn tók 3 mínútur fyrir lok veiðitíma og minn var satt að segja orðinn vondaufur þegar þar var komið við sögu.....



*Nú er fast í færi kippt,
fallegur hængur tekur.
Andakíllinn andagift,
andlausum þá vekur.*

Sjáumst á opnu húsi í vetur,
kv. Hans Ólason

Veturinn 2006

Vetrarstarfið verður með hefðbundnum hætti.

Fyrsta opna húsið verður fimmtudaginn 12. janúar 2006.

Einnig hefst hið sívinsæla unglिंगastarf hjá uSHV, í janúar. Ef þið félagar sem lesið þetta eruð með unglिंगa á aldrinum 12 til 16 ára og viljið koma þeim í góðan félagsskap, endilega hafið samband við undirritaða.

Ævar - s: 6699240 & Magnús - s: 8244042



Ritstjórinn

Ágætu félagar;

Gætum hófs!

Á aðalfundi LS (Landssambands Stangaveiðifélaga) um daginn var ég að spjalla við menn varðandi plakát það sem LS stóð fyrir útgáfu á núna, þar sem hvatt er til þess að stunda "veiða / sleppa" í laxveiði.

Ég bar upp þá spurningu við fráfarandi formann LS hvort þessir laxar myndu lifa eftir að búið sé að eiga við þá, menn virðast þurfa að ná sem flestum myndum til sönnunar, við að þreyta þá, við löndun og svo þegar verið er að sleppa þeim aftur. Það er vitað mál að hreistrið er lausar á nýgengnum fiski og hætt á að eitthvað verði eftir hér og þar við þetta hnjask. Formaður LS sagði að ef 97% lifðu áfram væri takmarkinu náð, en það sem mætti skoða enn frekar er það magn af laxi (fiski) sem hent er að vori. Ég er nú nokkuð sammála þessu og hef grun um að það sé allt of mikið um þetta og segi því við þá sem eru í þessari aðstöðu; Gætum hófs og hirðum minna næst!

Ritstífla !

Í síðasta blaði fyrir "veiðitímann" það ég menn að muna nú eftir myndavélinni og pennanum. Taka myndir, skrifa línur, en hvað hefur komið



.. ja nánast ekki neitt... nokkrar myndir ég spyr: Við hvað eru menn feimnir? Það er alveg óhætt að setja niður nokkra punkta, þetta þurfa ekki að vera ódauðleg skáldverk (fyrir en ég hef farið höndum um efnið), en a.m.k. setja eitthvað á blað, senda mér, eða koma með upp í hús, ein tvær myndir með ... þá værum við í góðum málum.

Hvað þarf til?

Í hvert sinn sem ég hitti einn af okkar eldri félögum, hann Guðvarð Elíasson, ber aðalfund SVH frá í vor á góma. Jú eins og ég ritaði í Agnið um fundinn "las hann yfir hausamótunum á mönnum fyrir leiðinlegan fund"! Þetta er kannski það sem þarf til að fá menn til að senda inn efni, lesa yfir hausamótunum á þeim? Eða þarf að fara á skeljarnar? Hvernig væri nú fyrir næsta blað að senda inn eina eða tvær myndir á webmaster@svh.is og nokkra punkta með eða stinga þessu í umslag og koma með upp í Flatahraun?

Mynd- og ritvænar stundir;

Ævar

Uppskriftin

Allt hráefni í uppskriftina fæst í Fjarðarkaup

Innbakaður silungur (fyrir 4):
600 gr. silungsflök, roðlaus og beinlaus
salt (helst Maldon)
sítrónupipar
rauð eða gul paprika
Smjördeig, t.d. Findus.
2 egg

Aðferð:

Kryddið silungsflökin með salti og pipar.
Skerið paprikuna í ræmur.
Fletjið smjördeigið aðeins út og pakkiið flökum (heilum eða í bitum) inn ásamt papriku.
Hrærið eggin saman og penslið deigið að utan.
Hitið ofn í 180° og bakið í ca 10 mínútur eða þar til þetta er gullbrúnt.
Beriið fram með fersku salati og kartöflum.



FJARÐARKAUP



Veisikortið 2006

Eitt kort - 23 vötn / vatnasvæði.

Veisikortið 2006 verður í boði við úthlutun veiðileyfa núna eftir áramótin hjá okkur. Gert er ráð fyrir að verð kortsins til félagsmanna verði kr. 4.500 og ekki spillir fyrir að m.a. eru þingvellir fyrir landi Þjóðgarðs komnir inn í Veisikortið.

Þeir sem hafa áhuga á að klófesta eintak af kortinu fyrir úthlutun hjá SVH er bent á að senda póst á webmaster@svh.is eða hafa samband beint við ritstjóran (s: 6699240).

Með Veisikortið í vasanum er hægt að veiða nær ótakmarkað í um 23 veiðivötnum víðsvegar á landinu sem og tjalda endurgjaldslaust við mörg þeirra.

Með kortinu fylgir veglegur bæklingur þar sem vötnin eru ítarlega kynnt til að auðvelda aðgengið að þeim, sem og kynna fyrir korthöfum þær reglur sem gilda við hvert vatnasvæði. Einnig eru kort og myndir frá vatnasvæðunum sem í boði eru.

Þú ert að semja um eftirfarandi 23 vatnasvæði fyrir árið 2006:

1. Baulárvallavatn á Snæfellsnesi.
2. Haukadalsvatn í Haukadal í landi Vatns.
3. Hítarvatn á Mýrum.
4. Hraunsfjarðarvatn á Snæfellsnesi
5. Hraunsfjörður á Snæfellsnesi
6. Kringluvatn í Þingeyjarsýslu
7. Langavatn í Borgarbyggð
8. Langavatn á Skaga
9. Ljósavatn í Suður-Þingeyjarsýslu
10. Sandvatn í Þingeyjarsýslu í landi Hamars.
11. Skorradalavatn í Skorradal í landi Indriðastaða
23. Þveit í nágrenni Hafnar í Hornafirði fyrir landi Stórlúlað.



12. Sléttuhlíðarvatn í Skagafirði í landi Hrauns
13. Syðradalsvatn við Bolungavík
14. Sænavatn á Jökuldalsheiði
15. Torfdalsvatn á Skaga (10 daga hámark)
16. Urriðavatn við Egilsstaði
17. Úlfjótuvatn í landi Efri-Brúar.
18. Vatnsdalsvatn í Vatnsfirði
19. Vífilstaðavatn í Garðabæ
20. Víkurflóð við Kirkjubæjarklaustur
21. Þingvallavatn fyrir landi Þjóðgarðsins
22. Þórisstaðavatn í Svínadal



RAFGEYMASALAN
Dalshrauni 17
sími 565 4060



Frá Aðalfundi LS sem haldinn var í félagsheimilinu þann 17. nóv. síðastliðinn. Fráfarandi formaður, Brynjar Már Magnússon t.h., afhendir verðandi formanni, Ingólfi Þorbergssyni t.v. Hákonarbikarinn. Ingólfur tekur við honum fyrir hönd Kolbeins Grímssonar sem fékk bikarinn fyrir ævistarf sitt í þágu stangveiðinnar. Nánar verður fjallað um fundinn í næstu tölublöðum.



LÉTTIR, KRAFTMIKLIR OG SPARNEYTNIR.

Suzuki býður uppá úrval af litlum og meðfærilegum fjörgengis utanborðsmótörum sem henta vel litlum bátum. Allt frá tveggja strokka mótora eins og DF15 og DF9.9 til létttra og meðfærilegra eins strokka mótora líkt og DF6, DF5, DF4 og DF2.5. Allir þessir mótórar eru fullir af nýjustu tækni sem gera bátsferðina þín ánægjulegri í alla staði.

Nýr DF2.5 er einstaklega lífill og meðfærilegur fjörgengis mótör, enda aðeins 13kg, sem gerir alla flutninga og geymslu einstaklega þægilega. Ekki skemmir fyrir að fjörgengis Suzuki utanborðsmótórar eyða minna en sambærilegir tvígangens mótórar.



Efling silungsveiða - Ónýttir möguleikar

Fyrr á tímum voru íslensk veiðivötn aðallega nýtt með veiðum í net, en í dag eru stangaveiðar algengasta nýtingaraðferðin. Ástæðan er einföld, veiðar á stöng skila miklu meiri arði til eigenda veiðiréttar en netaveiðarnar. Eftirspurn eftir veiðitækifærum eykst stöðugt samfara auknum frítíma og bættum efnahag þjóðarinnar, en jafnframt er landið eftirsótt af erlendum veiðimönnum. Þannig hefur verið áætlað að um 55.000 íslendingar stundi stangaveiðar á ári hverju og 5000 erlendir veiðimenn sækja landið árlega heim.

Við nýtingu laxveiðiauðlindarinnar hefur tekist vel til. Nýtingin er sjálfbær að mestu og byggir á mjög þróuðu kerfi hjá eigendum veiðiréttarins þar sem tekist hefur að hámarka arð af veiðunum. Framboð í laxveiði hefur verið áætlað um 34.000 stangardagar á ári og verður ekki aukid að marki þar sem veiðimöguleikar á laxi eru víðast hvar fullnýttir.

Nýleg skýrsla Hagfræðistofnunar HÍ sýnir að tekjur af stangaveiðum nema 7.8-9.1 milljörðum kr. árlega, þar nema beinar tekjur veiðifélaga 1.0 - 1.2. milljörðum kr. Laxveiðin á stærstan hlut í þessum tekjum. Erfitt er að meta hlut silungsveiða, en tekjurnar eru afar litlar miðað við laxveiðina. Mestur arður af silungsveiðum er á veiðisvæðum þar sem laxveiði er einnig stunduð. Þar er mesta þekkingin á nýtingu hlunninda og einnig hefur hluta af arði af laxveiðum verið notaður til að bæta silungsveiðinýtinguna.

Ljóst er að veiðimenn framtíðarinnar munu í auknum mæli verða að sækja í silungsveiðar ef sókn í veiðar heldur áfram að aukast. Mörg dæmi eru til um vannýtt veiðivötn. Einkum á það við um stöðuvötn, en einnig eru dæmi til um silungsveiðiár þar sem bæta má nýtinguna. Þannig má benda á að á Íslandi eru 1811 vötn stærri en 10 hektarar og ljóst að mörg þeirra eru lítið sem ekkert nýtt. Ástæður vannýtingar á vötnum eru af margvíslegum toga. Algengt er að ekkert félagskerfi sé

til staðar við vötnin og aðgengi að vötnum getur verið erfitt og takmarkað nýtinguna. Þá getur aðstöðuleysi við vötnin hamlað nýtingu og í sumum tilfellum skortir kynningu á veiðimöguleikum. Einnig getur skortur á þekkingu um veiðipól stofna og ræktunarmöguleika hamlað gegn nýtingu þeirra.

Landbúnaðarráðherra skipaði á vordögum nefnd sem kanna á leiðir til að bæta og auka verðmæti silungsveiða á landinu. Markmið er að auka framboð til stangaveiða á silung og stuðla þannig að aukinni verðmætasköpun. Í nefndinni eru fulltrúar frá Landsambandi veiðifélaga, Landsambandi stangveiðifélaga, Félagi Ferðapjónustubænda og Veiðimálastofnun. Nefndin hefur unnið vel á árinu og skilað tillögum um þau verkefni sem þarf að vinna til að ná árangri. Kortleggja þarf vannýtt veiðivötn og gera kynningarefni sem aðgengilegt yrði á heimasíðu verkefnisins. Markvisst þarf að kynna silungsveiðar sem fjölskylduþrótt og kynna möguleika í silungsveiðinýtingu meðal hagsmunaaðila.

Aukin og bætt nýting íslenskra náttúruperla mun veita aukin arð af sjálfbærum veiðum inn í samfélagið og veita fleiri og fjölbreyttari tækifæri til stangaveiða en nú þekktast. Nýting veiðivatnanna styrkir einnig samfélagið í sveitum landsins með aukningu a t v i n n u t æ k i f æ r a og þeirri verðmætasköpun sem veiðarnar gefa.



Sigurður Már Einarsson frá Vesturlandsdeild veiðimálastofnunar flutti erindið á aðalfundi LS

Hlíðarvatnspistill

Ekki er vitað annað en Hlíðarvatn hafi skilað sínu þetta sumarið. Þó mætti skráning í veiðibók vera betri. Menn virðast flýta sér of mikið? og þá jafnvel gleyma skráningu. Grillið mælist vel fyrir og nefnt hefur verið að hækka veggina á því svo þetra skjól myndist, því í sumar var nokkuð vindasamt (þá getur verið gott að grilla þegar ekki gefur vel til veiða).

Heildarfjöldi skráðra fiska úr Hlíðarvatni sumarið 2005 eru 1.101 í veiðibók SVH.

Helstu veiðistaðir og fjöldi fiska þar		
Nr.	Veiðistaður	Fjöldi fiska
33	Kaldós	253
27	Botnavík	133
73	Hjalltangi	92
32	Djúpanef	84
41	(Mölin) - Bunan	69
25	Réttarnes	66
55	Hlíðarey	55
72	Kaldóshólmi	51
73	Skollapollar	30

Þyngstu fiskarnir		
Ca. dags	Veiðistaður	Kg.
Seint í maí	Mölin	2,5
Snemma í júlí	Hjallatangi	2,4
Snemma í júlí	Botnavík	2,5

Verðlaunafiskurinn **sem komið var með til mælingar** í *Veiðibúðina við Lækinn* um miðjan júní, **var 2,1 kg. veiddur í Botnavík.**

Annar pistill verður síðar þegar formleg skýrsla Hlíðarvatnsnefndar liggur fyrir. Á það má þó benda að yfir 90 fiskar eru skráðir án þyngdar í veiðibókina þetta sumarið sem er alls ekki nógu gott.

Nefndin.



Fagar bleikjur úr Hlíðarvatni, veiddar þann 18. maí



Mynd frá Hlíðarvatni núna 25.11. sl.

Viltu gerast félagi í SVH?

Á heimasíðu okkar **www.svh.is** eru tvær einfaldar leiðir til að sækja um aðild.

Einnig er hægt að kíkja til okkar á opið hús á fimmtudagskvöldi og ganga frá umsókn eða hringja í síma: 565-4020 (símsvari) og lesa inn skilaboð.

Sérfræðingar í fluguveiði



PRO SHOP

**Sportvörugærdin hf.,
Skiopholti 5, s: 562 8383
www.sportvorugerdin.is**